

Fundargerð

4. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll.

Fjarfundur haldinn föstudaginn 13. júní 2025 kl. 11:00.

Þátttakendur: Jón Bjarnason, fulltrúi Hrunamannahrepps, Haraldur Þór Jónsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Regína Sigurðardóttir fulltrúi Forsætisráðuneytisins, Ingvar Atlí Sigurðsson fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sigrún Valgarðsdóttir og Valdimar Kristjánsson fulltrúar Náttúruverndarstofnunar.

Fundargerð

1. *Athugasemdir og ábendingar sem komu fram á kynningar- og samráðsfundi með ferðaþjónustu*
 - a) *Breytingar á akstursleið.* Á fundi með ferðaþjónustu kom fram að áhugi væri fyrir að breyta leið norður fyrir fjöllin, þ.e. upp fyrir Ásgarðsfjall og hún gæti verið öruggari allan ársins hring auk þess sem það gæti þjónað vernd á þeim litla gróðri sem er á svæðinu. Ákveðið var að vísa ábendingunni til skipulagsfulltrúa, þar sem þyrfти að taka hana fyrir í tengslum við breytingar á aðalskipulagi
 - b) Í tillögum um takmarkanir á þyrlu- og drónaflugi, sem voru kynntar á fundi með ferðaþjónustu kom fram hugmynd um að ekki verði miðað við dagsetningar heldur opnum á svæðinu. Eftir umræður um fyrilliggjandi tillögur/hugmyndir var ákveðið að vinna áfram með viðmið um opnunartíma á svæðinu en jafnframt að miða við takmarkanir á tilteknunum tíma sólarhringsins, þannig að ekki verði þrengt um of að tilteknun hópnum.
Þyrluskíðamenntnska var einnig til umræðu en þegar hafa komið upp tilvik sem gefa tilefni til að gefa gaum að þessari tegund útvistar og hvernig skíðamenntnska verður ávörpuð í áætluninni. Ákveðið var að Sigrún og Valdimar óski eftir fundi með Samgöngustofu þar sem farið verði yfir almennar heimildir og hvort hægt sé að setja takmarkanir sem myndu lúta að því að geta komið til móts við mismunandi hópa þessarar útvistar.
 - c) *Kjalvegur.* Á samráðsfundinum var þeirri spurningu varpað fram hvort friðlysing og/eða stjórnunar og verndaráætlun geti stutt við aðgengi að svæðinu sbr. aðgengi um Kjalveg. Spurningunni var beint til samstarfshópsins og niðurstaðan er að slíkt sé ekki unnt að taka fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun.
2. *Næstu skref*
 - Jón Bjarnason mun boða Sigrúnu og Valdimar á fund með sveitarstjórn til að kynna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina og helstu áherslur.

- Sigrún og Valdimar munu óska eftir fundi með Samgöngustofu þar sem farið verður yfir hugmyndir sem snúa að flugi og lendingum innan verndarsvæðisins

3. *Önnur mál*

- Ákveðið var að opinn kynningarfundur, sem verður jafnframt veffundur, verði haldinn að Flúðum á sex vikna kynningartíma áætlunarinnar þegar þar að kemur.

Fundi slitið kl. 11:34